



FRÓÐI

Júní 2015

Fréttabréf Ingunnarskóla

Sumarkveðja

Nú er skólaárið senn á enda og undirbúningur komandi skólaárs hafinn af fullum krafti. Síðustu skóladagana brjótum við upp hefðbundið skólafarar, förum í stuttar ferðir og leggjum áherslu á gleði og hópelfi. Nemendur bíða nú óþreyjufullir eftir sumrinu og frelsinu sem því fylgir og eru án efa mörg ævintýri framundan hjá þeim. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á skóla-slitunum næstkomandi miðvikudag en þá ætlum við að koma saman og slíta vetrarstarfinu sameiginlega.

Bestu óskir um gleðilegt sumar og kærar þakkir fyrir gott samstarf á skóla-árinu.

Starfsfólk Ingunnarskóla



Skólaslit

Útskrift 10. bekkjar verður við hátíðlega athöfn á sal skólans þriðjudaginn 9. júní klukkan 18:00.

Skólaslit verða miðvikudaginn 10. júní. 6.-9. bekkur mætir kl. 11:00 og 1.-5. bekkur mætir kl. 12:00. Byrjað verður á sal með stuttri dagskrá, söng og gleði og síðan halda nemendur á heimasvæði og kveðja kennara og starfsfólk.

1. bekkur



Nemendur í 1. bekk fengu hjálma að gjöf frá Kiwanishreyfingunni og var mikil gleði með gjöfina. Kiwanismenn koma færandi hendi **ár hvert og erum við þeim afar þakklát fyrir þessa „öryggisgjöf“**. Foreldrar eru líka mjög ánægðir með þetta framtak.



Verðandi nemendur í fyrsta bekk á næsta skólaári komu í heim-sókn ásamt foreldrum, borðuðu með okkur og skólástjóri hélt stuttan kynningarfund fyrir foreldra. Gaman var að sjá hversu örugg litlu krílin voru hjá okkur enda eru þau búin að koma í skólaheimsóknir í allan vetur og það hefur greinilega skilað sér.

2.-3. bekkur



Nemendur í 2.-3. bekk eru búnir að fræðast og vinna fjölbreytt verkefni um fugla að undanförunu. Það var mjög skemmtilegt að vinna þetta viðfangsefni með börnunum sem voru mjög dugleg og áhugasöm. Gaman var að fylgjast með hvernig áhugi þeirra á fuglalífinu jókst og hvað þeir fóru að veita þessum litlu dýrum mikla athygli í umhverfinu. Daglega komu börnin í skólann full eftirvæntingar að segja frá einhverju sem þau höfðu séð og upplifað tengt fuglunum. Börnin fræddust á fjölbreyttan hátt um fuglana, hlustuðu á hljóðin þeirra, unnu heimildarvinnu, horfðu á fræðslumyndir, gerðu veggspjöld, bjuggu til fuglinn sinn úr leir og saumuð út myndir af fuglum í textíl.



4.-5. bekkur

100 börn - 100 ár - 1000 ára saga.

Nemendur í 4.-5. bekk tóku þátt í sýningu í Þjóðminjasafninu á Barnamenningarhátíð.

Nemendurnir unnu listaverk í tengslum við 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna og var leiðarljós verksins umræða um jafnrétti og samtal milli barnanna og fjölskyldna þeirra. Einnig var þess minnst að það eru 1000 ár frá fæðingu Ingunnar Arnórsdóttur nunnu sem skólinn er kenndur við. Ingunn er talin hafa verið fyrsta lærða konan á Íslandi en sagan segir að hún hefði getað orðið biskup ef hún hefði verið karl.

Sýningin er í anddyri Þjóðminjasafnsins og að ósk safnstjóra stendur hún til loka ágúst.



Í byrjun maí var 5. bekkur með menningarmót sem heppnaðist mjög vel. Nemendur komu með hluti sem lýstu vel þeirra menningu og sýndu foreldrum, 4. bekkingum, kennurum og starfsmönnum skólans. Þetta var mjög metnaðarfullt hjá þeim og var gaman að skoða sýningarbásana. Með þessu kynnist maður nemendum á annan hátt og kemst í raun um hvað þeir eru að fást við fjölbreytilega og áhugaverða hluti utan skólans.

Nú eru öllum prófum lokið hjá í 4.-5. bekk og er mikið unnið á stöðvum í íslensku og stærðfræði. Á stærðfræðistöðvunum vinna nemendur saman í þörum mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem gaman er að glíma við t.d. spil, þrautir, origami, mælingar og stærðfræðiforrit/öpp. Nemendur eru alltaf glaðir þegar kemur að stærðfræðistöðvum og afar þakklátir fyrir að fá tilbreytingu frá hefðbundinni vinnu í bókum.



6.-7. bekkur

Í 6.-7. bekk ljúka nemendur skólaárinu á þema um Miðaldir Íslands þar sem tímalína er rakin allt frá landnámi Íslands fram að árinu 1540 þegar sjávarútvegur og verbúðir voru orðinn stór hluti af íslensku samfélagi. Nemendur vinna að margvíslegum verkefnum og fengu nokkuð frjálsar hendur, innan ákveðins ramma, um framsetningu verkefna. Opið hús var á svæðinu og afrakstur vinnu nemenda sýndur gestum og gangandi þann 3. júní og í kjölfarið var kaffihúsadagur þar sem krakkarnir komu með kræsingar og kveðja bekkjarfélagana með stæl.



Á vordögum var ákveðið að hafa heimatilbúna gleði. Hópurinn stefnir á ný í flaggaleik í Leirdal og þar ætlum við að grilla pylsur saman og eiga góða stund. Í síðustu umbun fóru hóparnir í flaggaleik í eina lotu og fannst þeim ekki nægur tími og ákveðið var því að taka hálfan dag undir þennan leik, gera meira úr honum og enda á grilli og fjöri.

Skólaárið hefur verið fljótt að líða og þegar myndir eru skoðaðar af krökkunum í haust og bornar saman við hópin nú á vordögum má sjá gríðarlegan mun – allir hafa stækkað og þroskast heilmikið á þessu skólaári.

8.-10. bekkur

Hjá nemendum í unglingadeild hefur verið mikið að gera undanfarið, allir hafa verið að taka ýmis próf og skila verkefnum.

10. bekkur vinnur um þessar mundir að lokaverkefni sínu. Krakkarnir höfðu alveg frjálsar hendur um val á verkefnum sem þau vildu vinna með og eru verkefni mjög fjölbreytt og spennandi og við hlökkum til að sjá kynningar á þeim 2. júní. Þann 3. júní fara 10. bekkingarnir svo í útskriftarferðina sína og gista eina nótt og verður eflaust mikið fjör þar.

9. bekkur stóð sig frábærlega vel í munnlegu prófi í samfélagsfræði en slíkt próf hafa krakkarnir ekki tekið áður. Þau undirbjuggu sig með því að kynna sér vel átta þekkt atburði eða hugtök í mannkynssögunni og drógu síðan verkefni til umfjöllunar í prófinu. Margir kunnu bókina nánast fullkomlega og höfðu jafnvel kynnt sér fleira.



8. bekkur vann í hópum í síðustu viku í íslensku og m.a. skoðuðu þau mismunandi markhópa auglýsinga. Krakkarnir innihaldsgreindu einnig prentmiðla og kom í ljós að oft er erfitt að greina mun á milli auglýsinga og fréttu og hlutfall auglýsinga er mun meira en nemendur töldu.



Svo líður að lokadögum en þá munu 8. og 9. bekkur m.a. ganga á Úlfarsfell, fara í golf og ratleik.

Nemendur í margmiðlun í 4.–7. bekk tóku þátt í klukkutíma kóðun/forritun en það er alþjóðlegt verkefni sem tugmilljónir nemenda frá yfir **180 löndum taka þátt í. Engin reynsla er nauðsynleg til að taka þátt og** hentar verkefnið öllum á aldrinum 4-104 ára, það eina sem þarf að gera er að fara inn á vefsíðuna og taka þátt. Við skráðum Ingunnarskóla í verkefnið og fengum skólann okkar merktan inn á heimskortið á síðunni þeirra www.hourofcode.com.

Á vefsíðunni code.org eru auk þess mismunandi verkefni, eitt af þeim er *Kóðuðu með Önnu og Elsu* sem er ætlað **til að vekja áhuga stúlkna á forritun** en er auðvitað skemmtilegt fyrir bæði kynin.





Ingunnarskóli
Mariubaugi 1
113 Reykjavík
www.ingunnarskoll.is
Sími: 411 7828
Fax: 411 7838
Netfang:
ingunnarskoll@reykjavik.is